

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerða um almannatryggingar.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, sbr. 1. tölulið VI. viðauka við EES-samninginn skulu gilda á Íslandi, með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum og bókun 1 við samninginn:

1. Reglugerð ráðsins nr. 1247/92 frá 30. apríl 1992, þó ekki 2. gr.
2. Reglugerð ráðsins nr. 1248/92 frá 30. apríl 1992.
3. Reglugerð ráðsins nr. 1249/92 frá 30. apríl 1992.
4. Reglugerð ráðsins nr. 1945/93 frá 30. júní 1993, þó ekki 3. gr.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, sbr. 2. tölulið VI. viðauka við EES-samninginn skulu gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum og bókun 1 við samninginn:

1. Reglugerð ráðsins nr. 1248/92 frá 30. apríl 1992.
2. Reglugerð ráðsins nr. 1249/92 frá 30. apríl 1992.
3. Reglugerð ráðsins nr. 1945/93 frá 30. júní 1993.

3. gr.

EB-gerðir sem vísað er til í 1. og 2. gr. hafa verið birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB - sérstakri útgáfu: Bók 4, bls. 35 - 80.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og öðlast gildi 1. júlí 1994. Auglýsingin er viðbót við auglýsingu nr. 550/1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1994.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um lækningatæki.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1. tl. XXX. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.